Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

OCTAGAM 10%, innrennslislyf, lausn

Venjulegt immunoglóbúlín úr mönnum (IVIg)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.
- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Octagam 10% og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Octagam 10%
3. Hvernig nota á Octagam 10%
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Octagam 10%
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Octagam 10% og við hverju það er notað

Upplýsingar um Octagam 10%
Octagam 10% er venjulegt immunoglóbúlín úr mönnum (IgG) í lausn (þ.e. lausn mótefna úr mönnum) til gjafar í bláæð (þ.e. innrennslis í æð). Immunoglóbúlín eru eðlilegur hluti mannslíkamans og styðja ónæmisvarnir líkamans. Octagam 10% inniheldur alla þá IgG virkni sem er eðlilega til staðar hjá fólki. Hæfilegir skammtar lyfsins geta hækkað óeðlilega lítið magn IgG í eðlilegt magn.

Octagam 10% hefur breiða mótefnavirkni gegn ýmsum sýklum.

Við hverju Octagam 10% er notað

Octagam 10% er notað til uppbótarmeðferðar hjá ýmsum sjúklingahópum (börnum og unglingum 0-18 ára og hjá fullorðnum):

- Sjúklingar með meðfæddan skort á mótefnum (frumkomin ónæmisbrestheilkenni, svo sem meðfædd gammaglóbúlínekla og gammaglóbúlínskortur, venjulegur, breytilegur ónæmisbrestur, alvarlegur, samsettur ónæmisbrestur)
- Sjúklingar með áunninn skort á mótefnum (síðkominn ónæmisbrest) vegna tiltekinna sjúkdóma og/eða meðferða og fá alvarlegar eða endurteknar sýkingar.

Octagam 10% má einnig nota til frekari meðferðar á eftirtöldum sjálfsofnæmissjúkdómum (ónæmisstýring):

- hjá sjúklingum með sjálfvakta blóðflagnafæð (ITP), ástand þar sem blóðflögur skemmast með tilheyrandi blæðingarhættu, eða þar sem nauðsynlegt er að leiðrétta blóðflagnafjölda fyrir aðgerð.
- hjá sjúklingum með Kawasaki-sjúkdóm, en það er sjúkdómur sem leiðir til bólgu í ýmsum líffærum.
- hjá sjúklingum með Guillain-Barré heilkenni, en það er sjúkdómur sem getur leitt til bólgu í ákveðnum hlutum taugakerfisins.

- hjá sjúklingum með langvinnan afmýlandi bólgufjöltaugakvilla (CIDP), en það er sjúkdómur sem veldur langvinnum bólgum í úttaugakerfi sem veldur vöðvaslappleika og/eða dofa, aðallega í handleggjum og fótleggjum.
- hjá sjúklingum með fjölhreiðra hreyfitaugakvilla (MMN), ástand sem einkennist af hæggengri, framsækinni, ósamhverfri veikingu útlima án skyntaps.
- hjá fullorðnum sjúklingum með virka húð- og vöðvabólgu, ástand sem veldur vöðvabólgu og breytingum á húð. Dæmigerð einkenni eru framsækið, samhverft vöðvaslen sem og dæmigerðar breytingar á húð eins og útbrot á mismunandi líkamshlutum (t.d. augnlokum, kinnum, nefi, baki, olnbogum, hnúum) og hreistruð, gróf og þurr húð. Nota má Octagam 10% hjá sjúklingum sem fá meðferð með ónæmisbælandi lyfjum, þ.m.t. barksterum eða sem eru með óþol fyrir slíkum lyfjum eða notkun þeirra er ekki ráðlögð.

2. Áður en byrjað er að nota Octagam 10%

Ekki má nota Octagam 10%
- ef þú ert með ofnæmi fyrir immunoglóbúlíni úr mönnum eða einhverju öðru innihaldsefni Octagam 10% (talin upp í kafla 6).
- ef þú þjáist af skorti á immunoglóbúlíni A (IgA skorti) og ef þú hefur myndað mótefni gegn immunoglóbúlínum af tegund IgA.

Varnaðarorð og varúðarreglur
Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en Octagam 10% er notað.

Til að tryggja rekjanleika lyfsins er eindregið mælt með því að heiti og lotunúmer lyfsins sé skráð í hvert sinn sem Octagam 10% er gefið.

Tilteknar aukaverkanir geta komið oftar fyrir:
- ef um er að ræða mikinn innrennslishraða
- þegar þú færð Octagam 10% í fyrsta skipti eða, í mjög sjaldgæfum tilvikum, þegar langt er liðið frá síðasta innrennsli
- þegar þú ert með ómeðhöndlaða sýkingu eða undirliggjandi langvinna bólgu.

Ef aukaverkanir koma fram þarf annað hvort að hægja á innrennslishraða eða hætta innrennsli alveg. Meðferð við aukaverkuninni ræðst svo af eðli hennar og alvarleika.

<u>Aðstæður og skilyrði sem auka hættu á aukaverkunum</u>
- Segarekstilfelli á borð við hjartaáfall, heilaslag og hindranir í djúplægum bláæðum, svo sem í kálfa eða æð í lunga, geta komið fyrir eftir gjöf Octagam 10% í örfáum tilvikum. Þessar aukaverkanir koma oftar fyrir hjá sjúklingum með áhættuþætti, svo sem offitu, háan aldur, háan blóðþrýsting, sykursýki, húð- og vöðvabólgu, ef slík tilfelli hafa áður komið fyrir, langvarandi hreyfingarleysi og inntöku tiltekinna hormóna (t.d. pillunnar). Tryggja skal jafna vökvainntöku; enn fremur skal gefa Octagam 10% eins hægt og mögulegt er.

- Ef þú hefur áður verið með nýrnakvilla eða hefur tiltekna áhættuþætti, svo sem sykursýki, ert í yfirþyngd eða ert eldri en 65 ára skal Octagam 10% gefið eins hægt og mögulegt er, vegna þess að tilkynnt hefur verið um bráða nýrnabilun hjá sjúklingum sem hafa slíka áhættuþætti. Láttu lækninn vita jafnvel þótt ofangreint hafi aðeins átt við þig áður.

- Sjúklingar í blóðflokkum A, B eða AB og sjúklingar með tiltekna bólgusjúkdóma eru í meiri áhættu gagnvart eyðileggingu rauðra blóðkorna vegna gjafar ónæmisglóbúlína (þetta nefnist blóðlýsa).

Hvenær getur verið þörf á að hægja á innrennsli eða stöðva það?

- Í mjög sjaldgæfum tilvikum getur mikill höfuðverkur og hnakkastífleiki komið fram nokkrum klukkustundum og allt upp í 2 dögum eftir meðferð með Octagam 10%.
- Ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf en geta valdið bráðaofnæmislosti, jafnvel hjá sjúklingum sem þolað hafa fyrri meðferðir.
- Í mjög sjaldgæfum tilfellum getur bráður lungnaskaði sem tengist blóðgjöf (Transfusion-related acute lung injury, TRALI) komið fram í kjölfar gjafar ónæmisglóbúlína, þ.m.t. Octagam 10%. Það leiðir til þess að vökvi safnast upp í loftrýmum lungna, án þess að slíkt tengist hjartastarfsemi. Einkenni TRALI eru miklir öndunarerfiðleikar, eðlileg hjartastarfsemi og hækkaður líkamshiti (sótthiti). Einkenni koma venjulega fram 1 til 6 klukkustundum eftir meðferð.

Segðu lækninum eða heilbrigðisstarfsmanni strax frá því ef þú tekur eftir slíkum viðbrögðum meðan á innrennsli Octagam 10% stendur eða eftir það. Hann ákveður hvort draga skuli úr innrennslishraða, stöðva innrennslið alveg, eða hvort grípa þarf til frekari aðgerða.

- Stundum geta ónæmisglóbúlínlausnir eins og Octagam 10% valdið fækkun hvítra blóðkorna. Oftast gengur slíkt sjálfkrafa yfir á 1-2 vikum.

Öryggi gegn veirum
Þegar lyf eru búin til úr blóði eða blóðvökva úr mönnum, eru gerðar ákveðnar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sýkingar berist til sjúklinga. Þetta eru m.a.:
- vandað val á blóð- og blóðvökvagjöfum til að ganga úr skugga um að hugsanlegir smitberar séu útilokaðir
- hver einasta gjöf og blóðvökvasöfn eru rannsökuð m.t.t. ummerkja um veirur/sýkingar
- framleiðendur framkvæma þrep við vinnslu blóðsins eða blóðvökvans sem gera veirur óvirkar eða fjarlægja veirur.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir er ekki hægt að útiloka með öllu að sýkingar berist á milli við gjöf lyfja sem eru framleidd úr blóði eða blóðvökva úr mönnum. Slíkt á einnig við um óþekktar eða nýjar tegundir veira eða aðrar tegundir sýkinga.

Aðgerðirnar eru taldar vera áhrifaríkar gegn hjúpuðum veirum eins og eyðniveiru (HIV), lifrarbólgu B veiru og lifrarbólgu C veiru.

Aðgerðir sem gripið er til gagnast hugsanlega lítið gegn óhjúpuðum veirum eins og lifrarbólgu A veiru og parvoveiru B19.

Immunoglóbúlín hafa ekki verið tengd lifrarbólgu A eða sýkingum af völdum parvoveiru B19, hugsanlega vegna þess að mótefnin sem afurðin inniheldur veita vörn gegn slíkum sýkingum.

Börn og unglingar
Engin sértæk eða frekari varnaðarorð og varúðarreglur gilda um börn.

Notkun annarra lyfja samhliða Octagam 10%
Skola má innrennslisleiðsluna fyrir og eftir gjöf Octagam 10% með annað hvort venjulegri saltupplausn eða 5% dextrósa í vatni.

Forðast skal samtímis notkun hávirkni þvagræsilyfja.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils, eða ef þú hefur fengið bólusetningu á síðastliðnum þremur mánuðum.
Octagam 10% getur dregið úr virkni lifandi, veiklaðra veirubóluefna, t.d. mislinga, rauðra hunda, hettusóttar og hlaupabólu.

Eftir innrennsli þessa lyfs á að bíða í 3 mánuði áður en bólusett er með lifandi, veikluðum bóluefnum. Hvað varðar mislinga getur virkni verið skert í allt að 1 ár.

Ef þú ferð í blóðprufu eftir að hafa fengið Octagam 10% skaltu láta lækninn eða aðilann sem tekur blóðprufuna vita að þú hafir fengið ónæmisglóbúlínlausn úr mönnum, þar sem slíkt getur haft áhrif á niðurstöðurnar.

Blóðsykursprófanir
Í sumum tegundum blóðglúkósamæla (svokallaðir blóðsykursmælar) er maltósinn sem er innihaldsefni í Octagam 10% ranglega greindur sem glúkósi (blóðsykur). Þetta getur leitt til rangra, hækkaðra blóðsykursmælinga við innrennsli og í 15 klst. eftir að innrennsli er lokið og þar af leiðandi insúlíngjafar sem ekki er þörf á, sem leitt getur til lífshættulegrar blóðsykurslækkunar.

Einnig getur raunveruleg blóðsykurslækkun verið ómeðhöndluð ef blóðsykurslækkunin sést ekki vegna rangra, hækkaðra blóðsykursmælinga.

Þar af leiðandi þurfa mælingar á blóðsykri að fara fram með aðferðum sem mæla sérhæft glúkósa, við inngjöf á Octagam 10% eða öðrum lyfjum sem innihalda maltósa.
Ekki skal nota kerfi sem byggja á glúkósa dehydrogenasa pyrroloquinolinquinon (GDH-PQQ) eða glúkósa-dye-oxidoreductasa aðferðum.

Lestu vandlega leiðbeiningarnar með blóðsykursmælinum, þar með taldar leiðbeiningar með mælistrimlunum til þess að skera úr um hvort kerfið henti með notkun innrennslislyfja sem innihalda maltósa. Ef einhver vafi leikur þar á skaltu hafa samband við lækninn til þess að fá úr því skorið hvort blóðsykursmælirinn sem þú notar henti til notkunar með innrennslislyfjum sem innihalda maltósa.

Notkun Octagam 10% með mat, drykk eða áfengi
Engin áhrif hafa komið fram. Meðan Octagam 10% er notað skal huga að fullnægjandi vökvagjöf áður en innrennsli hefst.

Meðganga, brjóstagjöf og frjósemi
Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Öryggi við notkun þessa lyfs handa þunguðum konum hefur ekki verið staðfest í klínískum samanburðarrannsóknum og skal því aðeins gefa lyfið þunguðum konum og konum með barn á brjósti sé fyllstu varúðar gætt. Greint hefur verið frá því að IVIg-lyf fari yfir fylgju og eykst slíkt á síðasta þriðjungi meðgöngunnar. Klínísk reynsla af immunoglóbúlínum bendir til þess að ekki þurfi að búast við skaðlegum áhrifum á meðgöngu eða á fóstur og nýbura.

Immunoglóbúlín skiljast út í brjóstamjólk. Ekki er búist við neikvæðum áhrifum á börn sem eru á brjósti.

Klínísk reynsla af immunoglóbúlínum bendir til að ekki sé að vænta skaðlegra áhrifa á frjósemi.

Akstur og notkun véla
Octagam 10% hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Þó skulu sjúklingar sem fá aukaverkanir meðan á meðferð stendur bíða með akstur og stjórnun véla þar til einkenni ganga yfir.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni.
Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana.
Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn.
Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Octagam 10% inniheldur natríum
100 ml af lyfinu inniheldur 69 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti). Þetta jafngildir 3,45% af ráðlögðum heildardagskammti af neyslu natríums úr fæðu hjá fullorðnum sem er 2 g. Sjúklingar á natríumskertu mataræði þurfa að hafa þetta í huga.

3. Hvernig nota á Octagam 10%

Læknirinn ákveður hvort þú þarft á Octagam 10% að halda og segir til um skammtastærð.
Octagam 10% er gefið sem innrennsli í bláæð af heilbrigðisstarfsfólki. Skammtar og skömmtunaráætlun fer eftir ábendingu og gæti þurft að meta einstaklingsbundið fyrir hvern sjúkling.

- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Notkun handa börnum og unglingum
Gjöf Octagam 10% (í bláæð) hjá börnum og unglingum (0-18 ára) er ekki frábrugðin gjöf hjá fullorðnum.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þessi gerð lyfs valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Hafið tafarlaust samband við lækninn ef einhver eftirtalin alvarleg aukaverkun kemur fram (**þær koma allar örsjaldan fyrir** og geta komið fyrir í allt að 1 af hverjum 10.000 innrennslum).
Í sumum tilvikum gæti læknirinn þurft að gera hlé á meðferðinni og minnka skammtinn eða stöðva meðferðina:

- **Bólga í andliti, tungu og barka** sem getur valdið miklum öndunarerfiðleikum
- **Skyndileg ofnæmisviðbrögð** með mæði, útbrotum, önghljóðum og blóðþrýstingsfalli
- **Heilaslag** sem getur valdið slappleika og/eða minnkuðu næmi niður með annarri hlið líkamans
- **Hjartaáfall** sem veldur brjóstverk
- **Blóðtappi** sem veldur verkjum og bólgu í útlimum
- **Blóðtappi í lunga** sem veldur brjóstverk og mæði
- **Blóðleysi** sem veldur mæði eða fölva
- **Alvarlegur nýrnasjúkdómur** sem getur valdið því að þú hafir ekki þvaglát
- **Lungnasjúkdómur** sem kallast bráður lungnaskaði við blóðgjöf (TRALI) og veldur öndunarerfiðleikum, bláma á húð, hita og blóðþrýstingslækkun
- **Alvarlegur höfuðverkur** ásamt einhverjum af eftirfarandi einkennum eins og hnakkastífleika, syfju, hita, ljósnæmi, ógleði, uppköstum (þetta geta verið merki um heilahimnubólgu).

Ef einhver ofangreind einkenni koma fram á að hafa samband við lækninn tafarlaust.

Einnig hefur verið greint frá eftirfarandi aukaverkunum í tengslum við lyfið:

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir við allt að 1 af hverjum 10 innrennslum):

- Ofnæmi (ofnæmisviðbrögð)
- Höfuðverkur
- Ógleði
- Breytingar á blóðþrýstingi
- Hiti

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir við allt að 1 af hverjum 100 innrennslum):

- Skortur á ýmsum gerðum blóðkorna
- Breytingar á hjartslætti
- Uppköst
- Slag
- Sundl
- Náladofi, stingir í húð
- Skjálfti
- Þokusýn
- Blóðtappi
- Stífla í djúplægum æðum
- Stífla í slagæð í lunga
- Bakverkur
- Brjóstverkur
- Verkir í liðum eða vöðvum
- Ósjálfráðir vöðvasamdrættir
- Verkir í fótum eða handleggjum
- Vandamál tengd öndun
- Kuldahrollur
- Þreyta, almenn vanlíðan og slappleiki
- Vökvi í vefjum útlima
- Húðviðbrögð á stungustað
- Óeðlilegar niðurstöður úr blóðrannsóknum (t.d. hvað varðar lifrarstarfsemi eða rauð blóðkorn)

Aðrar aukaverkanir sem einnig hefur verið greint frá og komu ekki fram í klínískum rannsóknum eru:

- Vökvaóhóf
- Of lágt natríumgildi í blóði
- Uppnám, kvíði, ringlun og taugaóstyrkur
- Mígreni
- Taltruflun
- Meðvitundarleysi
- Minnkað snertiskyn eða næmi
- Ljósnæmi
- Sjónskerðing
- Hjartaöng
- Hjartsláttarónot
- Tímabundinn blámi á vörum eða húð
- Blóðrásarbilun eða lost
- Æðabólga
- Fölvi
- Hósti
- Lungnabjúgur (uppsöfnun vökva í lunga)
- Berkjukrampi (öndunarerfiðleikar eða más)
- Öndunarbilun

- Súrefnisskortur í blóði
- Niðurgangur, kviðverkur
- Ofsakláði, kláði í húð
- Roði á húð
- Húðútbrot
- Flögnun húðar
- Bólga í húð
- Hárlos
- Vöðvaslappleiki eða stífleiki
- Mikill og sársaukafullur vöðvasamdráttur
- Verkur í hnakka
- Verkur í nýrum
- Þroti í húð (bjúgur)
- Roði, aukin svitamyndun
- Óþægindi fyrir brjósti
- Einkenni, sem líkjast flensu
- Kulda- eða hitatilfinning
- Syfja
- Sviðatilfinning
- Rangar niðurstöður blóðsykursmælinga

Tilkynning aukaverkana
Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint á www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Octagam 10%

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota Octagam 10% eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiðanum og öskjunni.

Geymið í kæli (2°C – 8°C). Geymið ílátið í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi. Má ekki frjósa.

Taka má lyfið úr kæli og geyma við hita ≤ 25°C í eitt tímabil í allt að 9 mánuði (ef það fer ekki fram yfir fyrningardagsetningu). Í lok þessa tímabils á ekki að setja lyfið aftur í kælinn heldur farga því. Skrifa skal dagsetninguna þegar lyfið var tekið úr kælinum á ytri umbúðirnar.

Nota skal lyfið strax eftir að pakkning hefur verið rofin.

Ekki skal nota Octagam 10% ef lausnin er skýjuð, inniheldur agnir eða ber sterkan lit.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Hvað inniheldur Octagam 10%:
- Virka innihaldsefnið er venjulegt immunoglóbúlín úr mönnum (mótefni úr mönnum) 10% (a.m.k. 95% er immunoglóbúlín G).
- Önnur innihaldsefni eru maltósi og vatn fyrir stungulyf.

Útlit Octagam 10% og pakkningastærðir
Octagam 10% er innrennslislyf, lausn og er fáanlegt í hettuglasi (2 g/20 ml) eða glösum (5 g/50 ml, 6 g/60 ml, 10 g/100 ml, 20 g/200 ml, 30 g/300 ml).

Pakkningastærðir:

2 g	í	20 ml
5 g	í	50 ml
6 g	í	60 ml
10 g	í	100 ml
20 g	í	200 ml
3 x 10 g	í	3 x 100 ml
3 x 20 g	í	3 x 200 ml
30 g	í	300 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Upplausnin er tær eða örlítið ópallýsandi, litlaus eða gulleit.

Markaðsleyfishafi
Octapharma AB
112 75 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðendur
Octapharma Pharmazeutika Produktionsges.m.b.H.
Oberlaaer Strasse 235, A-1100 Vín, Austurríki
Fyrir lotunúmer sem byrja á K

Octapharma AB
SE-112 75 Stokkhólmi, Svíþjóð
Fyrir lotunúmer sem byrja á M

Þetta lyf hefur fengið markaðsleyfi í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Austurríki, Belgía, Búlgaría, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Ungverjaland, Ísland, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Svíþjóð, Bretland:	Octagam
Ítalía:	Gamten
Spánn	Octagamocta

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2023.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:

- Lyfið skal ná stofuhita eða líkamshita fyrir notkun þess.
- Lausnin á að vera tær til örlítið ópallýsandi og litlaus til gulleit.
- Ekki skal nota lausnir sem eru skýjaðar eða innihalda agnir.
- Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.
- Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf.
- Til þess að skola burt lyfi sem eftir er í innrennslisleiðslunni við lok innrennslis, má skola leiðsluna með annað hvort 0,9% saltupplausn eða 5% dextrósalausn.